

Starfsmenn FA og raunfærnimat

Sú breyting hefur orðið á raunfærnimatsteyminu að Hildur Betty Kristjánsdóttir hefur tekið við verkefnastjórn raunfærnimats af Hauki Harðarsyni sem er áfram í teyminu ásamt Fjólu Maríu Lárusdóttur og Arnari Þorsteinssyni.

Þjálfun vegna raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun bjóða upp á námskeið 26. og 27. febrúar. Námskeiðið er ætlað fagaðilum, náms- og starfsráðgjöfum og verkefnastjórum sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Ekkert námskeiðsgjald, en FA greiðir hvorki fyrir ferðir né upphald þátttakenda. Skráning og nánari upplýsingar eru hjá Steinunni Júlíusdóttur, steinunn@frae.is

Matslistar

Stefnt er að því að gera alla sjálfsmatslista (gátlista) aðgengilega rafrænt á vefsvæði FA. Unnið verður að uppsetningu rafræna kerfisins á árinu en nýjustu lista má í dag nálgast með því að senda póst á arnar@frar.is Einnig er afar mikilvægt að nýlega uppfærðir listar séu sendir inn til FA svo réttum verkfærum raunfærnimatsins sé haldið til haga á einum stað. Eins að þegar nýir sjálfsmatslistar eru teknir í notkun þarf að tryggja að matsaðilar séu alltaf með nýjustu útgáfu.

Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins – nýtt tilraunaverkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hóf í desember 2018 vinnu við tilraunaverkefni til að próa raunfærnimat í atvinnulífinu í samstarfi við hagsmunaaðila. Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands taka þátt í stýringu heildarverkefnisins, en það miðar að því að festa í sessi ferla og samstarf sem virkja má til framtíðar. Unnið verður að þróun raunfærnimatsferlis í fimm störfum þar sem aðkoma fyrirtækja er lykilatriði og störf hæfnigreind (ef þörf er á) og framkvæmd raunfærnimatsins í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar. Einnig verður þróað ferli fyrir aðkomu starfsþjálfara sem koma að færniþróun starfsmanna í kjölfar matsins. Verkefninu lýkur í mars 2020. Nánari upplýsingar má fá hjá Hauki, haukur@frae.is og Fjólu, fjola@frae.is

Raunfærnimatsráðstefna í Berlín dagana 7. – 8. maí – eitthvað fyrir þig?

Markmið ráðstefnunnar er að deila þekkingu, hugmyndum og því hvernig þjóðir í Evrópu vinna með raunfærnimat. Einnig verður unnið með framtíðarsýn og mun CEDEFOP nýta þá sýn til að uppfæra leiðbeiningar og tilmæli um raunfærnimat til þjóða Evrópu. Áherslan verður á sex svið, löggjöf, eftirfylgni, stuðningskerfi, fjármögnum, verkfæri og umgjörð fyrir framkvæmd.

Í þetta sinn kemur CEDEFOP einnig að skipulagningu og fjármögnun þessa viðburðar, ásamt fulltrúum úr raunfærnimatsneti NVL, því nú er komið að því að uppfæra þau tilmæli sem sett voru um raunfærnimat í Evrópu árið 2012. Margir spennandi fyrirlestrar og vinnustofur verða í boði. Aðilar eru hvattir til að tilnefna verkfæri/afurðir, ferli eða stefnu sem þeir hafa þróað og eiga með því möguleika á að vinna Global VPL Prize 2019 sem veitt er fyrir framúrskarandi vinnu á sviði raunfærnimats. Gert er ráð fyrir að um 20 Íslendingar fari á ráðstefnuna – mikill áhugi er til staðar. Nánari upplýsingar hjá Hauki, haukur@frae.is og Fjólu, fjola@frae.is

Sækið um Global VPL Prize 2019 [hér](#)

Heimasíða ráðstefnunnar er [hér](#)